



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

16. febrúar 2024

Umsögn um þingskjal 1009 – 675.mál
Frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Marine Collagen ehf.

Marine Collagen var stofnað til að auka virði hliðarafurða í sjávarútvegi. Eftir mikla þróunarvinnu hófst starfsemi árið 2020 og framleiðir félagið gelatín og kollagen úr fiskiroði. Framleiðsluferlið er afar sérhæft og tekur meira en sólarhring að ná afurðunum úr roðinu. Starfsmenn félagsins eru 16 talsins og unnið er allan sólarhringinn, fimm daga vikunnar.

Síðastliðin þrjú og hálf ár hefur Marine Collagen byggt upp þekkingu á vinnsluaðferð sem hafði ekki áður verið til staðar á Íslandi og einnig byggt upp dýrmæt viðskiptasambönd. Félaginu hefur vaxið fiskur um hrygg og var byrjað að undirbúa umfangsmikla stækkun á húsnæði og vinnslu. Fyrir nokkru síðan hafði það keypt lóðina austan megin við starfsstöðina og 7.nóvember, þremur dögum fyrir rýmingu, fékk félagið leyfi skipulagsnefndar fyrir frekari stækkun í norðurátt.

Marine Collagen hefur ekkert getað unnið síðan 10.nóvember. Félagið þarf stöðugt heitt og kalt vatn auk rafmagns og leyfi fyrir viðveru allan sólarhringinn. Truflanir í þessum grunn innviðum geta valdið miklu tjóni á dýrum vinnslubúnaði félagsins. Við höfum ekki valkost um að vinna annars staðar í tímabundnu samstarfi þar sem enginn annar á Íslandi er með búnað eins og okkar til að framleiða þessar vörur.

Athugasemdir við 5.gr.

Þar sem markmið laganna er að stuðla að því að rekstraraðilar geti viðhaldið nauðsynlegri lágmarksstarfsemi, varðveitt viðskiptasambönd og hafið starfsemi á ný með stuttum fyrirvara, þá geri ég athugasemd við að styrkurinn sé að hámarki fyrir 10 stöðugildi. Starfsmenn Marine Collagen eru sérhæfðir og vinna á vöktum allan sólarhringinn. Þó starfsmennirnir séu 16 þá vinna eingöngu fjórir vinna á hverri vakt í vinnslunni og svo erum fjögur stöðugildi á skrifstofunni. Án vaktavinnu myndum við falla undir þessi viðmið en vegna eðli framleiðslunnar gerum við það ekki. Eðli framleiðsluferilsins krefst vaktavinnu þar sem ferlið er rúmur sólarhringur og margar lotur eru í vinnsluferli samtímis.

Einnig vil ég benda á að þó Marine Collagen hafi ekkert getað unnið þá hefur félagið verið að selja þær birgðir til voru. Óljóst er hvort tekið verður tillit til birgðabreytinga við mat á tekjufalli. Eins og áður kom fram hefur félagið ekki framleitt neitt síðan 10. nóvember og því tekjutap félagsins sannarlega 100%. Auk þess er Marine Collagen sprotafyrirtæki sem hefur verið í miklum vexti eins og áður sagði og þar með endurspeglar tengingin við árið á undan ekki raunverulegt tekjutap félagsins.

Að auki hefur ýmis aukakostnaður bæst á félögin í Grindavík tengt björgunaraðgerðum, leigu á skrifstofu- og geymsluaðstöðu o.fl. Þessi aukakostnaður er hvergi í núverandi frumvarpi þar sem einungis er horft til tekjutaps og því tel ég að réttara væri að horfa á framlegðartaps. Slíkur mælikvarði myndi einnig taka tillit til misjafns aukakostnaðar fyrirtækjanna.

Frekari aðgerða er þörf

Jafnvel þótt framleiðsla Marine Collagen fái heitt og kalt vatn, rafmagn og leyfi til að vinna allan sólarhringinn þá er frekari aðgerða þörf til að skynsamlegt getur talist að hefja störf að nýju í Grindavík. Þar er aukinn ferðakostnaður starfsfólks og tryggingarmálin efst á baugi.

Þar sem starfsmönnum félagsins er bannað að búa í Grindavík þurfa þau að keyra langan veg til vinnu. Starfsmenn hafa ekki burði til að standa undir slíkum aukakostnaði og því þarf félagið að taka það að sér ef þau ætlast til að fá starfólk í vinnu. Sá kostnaður er hreinn aukakostnaður við að reka fyrirtæki í Grindavík. Stjórnvöld ættu að koma til móts við atvinnurekendur með þennan kostnað því annars glatast mikil verðmæti auk þess að þáttaka í slíkum kostnaði er mun minni en launastyrkurinn sem annar fellur á ríkið ef starfsemi hefst ekki á ný.

Ekki síður mikilvægt er staða trygginga hjá félögum sem hyggjast hefja störf á ný í Grindavík. Vísindamenn virðast sammála um að frekari jarðfræðilegir atburðir muni gerast og því þarf félagið að vera tilbúið til að rýma skyndilega. Ef atburður verður á meðan vinnslan er í gangi þýðir það að allt efnið í framleiðsluferlinu glatast auk þess sem tæki geta skemmst ef ekki gefst tími til að ganga almennilega frá þeim. Tryggingarfélag hafa hingað til lýst því yfir að hefbundnar tryggingar gildir ekki í þessum aðstæðum þar sem um er að ræða nátturavá. Aftur á móti hefur NTÍ tekið þá afstöðu að ekki er um að ræða beint tjón af völdum nátturahamfara og því ekki bótaskylda. Ef tjón á framleiðslu og tækjum fellur milli skips og bryggju í þessum atburðum munu fyrirtæki ekki treysta sér til að hefja störf að nýju. Skýrar línur varðandi tryggingavernd og hugsanlega aðkoma ríkisins við að brúa bilið er nauðsynlegt ef starfsemi á að geta hafist á ný í Grindavík.

Verði ekki hægt að verða við þessum atriðum þá þarf að huga að flutningsstyrkjum til þess að viðhalda þeim verðmætum sem grindvísk fyrirtæki hafa skapað fyrir þjóðarbúið.

Að lokum

Þetta ástand kemur sérstaklega illa niður á nýsköpunarfyrirtæki eins og okkar, þar sem við erum ennþá í uppbyggingarfasa, höfum síður bolmagn í að missa reksturinn út í marga mánuði og dýrmæt viðskiptasambönd geta glatast á meðan félagið er stopp. Vinna okkar þessa dagana fer í að komast af frekar en að halda áfram að auka verðmæti með nýsköpun og þróun. Við þurfum skjót viðbrögð og frekari stuðning til þess að koma í veg fyrir að sú þekking og verðmæti sem skapast hafa síðustu árin glatist ekki.

F.h. Marine Collagen ehf.



Erla Ósk Pétursdóttir

Framkvæmdastjóri